

TILLÖGUR STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF. TIL AÐALFUNDAR ÞANN 31. MARS 2022

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- 4) Tillaga um lækkingu hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins.
- 5) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- 6) Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
- 7) Tillaga stjórnar um ráðstöfun úr sérstökum varasjóði félagsins.
- 8) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 9) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 10) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar félagsins.
- 11) Önnur mál.

A. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu (dagskrárliður 2)

Lagt er til að ársreikningur ársins 2021 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022 og að hagnaður ársins 2021 leggist við eigið fé félagsins.

Greinargerð: Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt arðgreiðslustefnu er það markmið félagsins að greitt sé 25% af árlegum hagnaði eftir skatta í arð til hluthafa en að við framkvæmd arðgreiðslustefnunnar skuli horft jafnt til hefðbundinna arðgreiðslna annars vegar og kaupa félagsins á eigin bréfum samkvæmt endurkaupaáætlun hins vegar. Þá skal við framkvæmd stefnunnar tekið tillit til eiginfjárstöðu og mats á þeim tækifærum sem felast í að endurfjárfesta hagnaði í rekstri og vexti félagsins.

Á árinu 2021 var samruni félagsins við TM hf. og Lykil fjármögnun hf. endanlega kláraður. Auk þess var í byrjun árs 2021 gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Netgíró hf. og á öllu hlutafé í Aur app ehf. í marsmánuði 2021. Þá tilkynnti félagið í febrúar 2022 um að kaup á Ortus Secured Finance Limited væru frágengin. Við þessar aðstæður taldi stjórn æskilegt að leggja til að ekki yrði greiddur út arður á árinu 2022.

Framangreindu til viðbótar lauk félagið við framkvæmd á endurkaupaáætlun í október 2021. Ráðgert er að vegna endurkaupa eigin bréfa á grundvelli framangreindrar endurkaupaáætlunar, sem tilkynnt var um þann 16. júlí 2021, verði hlutafé félagsins lækkað sem nemur samsvarandi fjárhæð og keypt var á grundvelli endurkaupaáætlunarinnar, líkt og nánar er fjallað um undir dagskrárlið 4.

Eiginfjárstaða félagsins er mjög sterk. Eiginfjárlutfall samstæðunnar (CAR) án áhrifa TM nam 33,8% á um áramót, en viðmið eftirlitsaðila um lágmarkseiginfjárlutfall eru nú 20,6%. Nauðsynlegt er að eigið fé sé umfram lágmarks eigið fé, bæði vegna öryggissjónarmiða og til þess að svigrúm sé til að sækja tækifæri sem metin eru arðsöm. Söguleg arðsemi félagsins hefur verið há og afkomuspá gerir ráð fyrir áframhaldandi hári arðsemi eiginfjár. Sterk eiginfjárstaða er forsenda fjármögnunar efnahagsreiknings félagsins með tilliti til vaxtarmöguleika og hagstæðra kjara.

Í ljósi þessa leggur stjórn fram tillögu undir þriðja dagskrárlið þessa fundar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum. Ef svigrúm skapast á árinu 2022 til lækkunar eigin fjár getur stjórn félagsins ákveðið að nýta slíka heimild til endurkaupa á eigin bréfum.

B. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf (dagskrárliður 3)

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 31. mars 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálaþyrtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2023.“

Greinargerð: Stjórn óskar heimildar til kaupa á eigin bréfum til eins árs en slík heimild var einnig samþykkt á síðasta aðalfundi. Heimildin sem veitt var á síðasta aðalfundi nam 5% af hlutafé félagsins. Heimild til kaupa á eigin hlutum á árinu 2021 var nýtt til kaupa á 117.256.300 hlutum sem samsvaraði 2,41% af hlutafé félagsins. Er nú óskað eftir heimild til kaupa á allt að 10% hlutafjár félagsins, sem er það hlutfall sem heimilt er lögum samkvæmt, í því skyni að hámarka sveigjanleika félagsins.

Almennt er litið svo á að sambærileg sjónarmið eigi við um kaup félags á eigin bréfum og um ákvörðun arðgreiðslna að teknu tilliti til afkomu félags. Markmiðið með tillögunni er að setja fram með gagnsæjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, m.a. með hliðsjón af arðgreiðslustefnu bankans. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Þá skal gætt að því að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi veitt samþykki sitt áður en farið verður í endurkaup í samræmi við ákvæði laga um fjármálaþyrtæki, nr. 161/2002. Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar skal vera í samræmi við VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og II. kafla viðauka við reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, með síðari breytingum. Þessu til viðbótar skal endurkaupaáætlunin framkvæmd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik, sem og afleidda reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052 um tæknilega staðla varðandi endurkaupaáætlanir og verðjöfnun sem er til fyllingar ákvæðum reglugerðarinnar. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar er farið að framangreindum ákvæðum eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skal tryggja gagnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

C. Tillaga um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum (dagskrárliður 4)

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi tillögu um lækkun hlutafjár:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 31. mars 2022, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 117.256.300 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 117.256.300 hlutum, úr 4.934.561.607 kr. í 4.817.305.307 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykta félagsins þannig að verði hún samþykkt, og fáiast heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutfé félagsins er kr. 4.817.305.307. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“

Greinargerð: Bankinn á nú 117.256.300 eigin hluti sem keyptir voru samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun á árinu 2021. Óskað verður eftir samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir lækun hlutfjár með niðurfellingu á eigin hlutum í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutfé bankans úr 4.934.561.607 kr. í 4.817.305.307 kr. að nafnvirði.

D. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 5)

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð: Lagt er til að tekin verði af tvímæli um að kaupaukar megi að hluta eða öllu leyti samanstanda af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum, svo sem áskriftarréttindum eða kaupréttum að hlutum í félaginu. Heimildin gildi til framtíðar en jafnframt um ógreidda kaupauka vegna ársins 2021. Tilgangurinn er að samtvinna hagsmuni félagsins og þeirra starfsmanna sem slíka kaupauka hljóta. Samræmist það gildi félagsins um langtímahugsun. Tillagan tekur mið af fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæðum 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum („CRD IV“) og viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um kynhlutlausar og traustar starfskjarastefnur frá 2. júlí 2021 (EBA/GL/2021/04). Verðmæti kaupauka sem samanstandur af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal miðast við markaðsverð, eða gangverð óskráðra gerninga, er kaupaukinn er veittur án tillits til frestunar. Svo ekki orki tvímælis skal fram tekið að önnur ákvæði starfskjarastefnunnar, auk þeirra takmarkana sem gilda að lögum og reglum um greiðslu kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja, gilda að breyttu breytanda um kaupauka sem samanstandur af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum. Áfram þarf þannig að ná fyrirfram skilgreindum árangursviðmiðum, sem byggja bæði á fjárhagslegum og ófjárhagslegum þáttum, til þess að heimilt sé að greiða kaupauka, í hvaða formi sem er. Jafnframt hefur sjálfbærni verið bætt við sem einu af markmiðum með starfskjarastefnunni. Þá er lagt til að auka heildar grunnfjárhæð sem heimilt er að greiða í kaupauka úr 150 m.kr. í 200 m.kr., að því gefnu að árangursviðmiðum sé náð, enda er félagið að stækka og starfsmönnum að fjölga. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á stefnunni í því skyni að skýra að heildarfjárhæð kaupaukagreiðslna fyrir árið 2022 gildi um þann hluta samstæðu Kviku sem starfræktur er á Íslandi. Loks er lagt til að breyta orðalagi í 7. gr. starfskjarastefnunnar varðandi almenna kaupréttaráætlun, sem aðalfundur síðasta árs veitti heimild fyrir, til skýringar á því að sú áætlun, sem samræmist 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, falli undir föst starfskjör starfsmanna og þar með ekki undir kaupaukakerfi sem fjallað er um í 6. gr. stefnunnar. Aðrar breytingartillögur eru minniháttar orðalagsbreytingar og orðalagsbreytingar sem styðja við framangreindar breytingartillögur.

E. Tillaga um breytingar á samþykktum (dagskrárliður 6)

(i) Tillaga um heimild stjórnar til að gera samninga um kauprétti og/eða áskriftarréttindi við starfsmenn samkvæmt starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Stjórn félagsins leggur til að í samþykktir félagsins komi ný grein, bráðabirgðaákvæði III, svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að gera samninga um kauprétti og/eða áskriftarréttindi fyrir allt að 240.000.000 hlutum í félaginu til greiðslu kaupauka til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins. Stjórnin ákveður kaupgengi og/eða áskriftargengi hluta og nánari skilmála réttindanna. Stjórninni er heimilt að kaupa eigin hluti, innan lögbundinna takmarkana, og/eða að hækka hlutfé félagsins með útgáfu nýrra hluta til að mæta skuldbindingum samkvæmt kaupréttarsamningum eða

samningum um áskriftarréttindi. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum. Heimild þessi gildir í fimm ár.

Greinargerð: Tillaga þessi er nátengd tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 5). Hún þjónar einkum tvíþættum tilgangi: Annars vegar að skjóta stöðum í samþykktum félagsins undir heimild stjórnar til að gera samninga við starfsmenn um kauprétti og/eða áskriftarréttindi til greiðslu kaupauka í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins. Hins vegar, og ekki síður, að setja þessari heimild skýr mörk. Lagt er upp með að kaupréttir geti verið gefnir út á næstu 3 árum til a.m.k. 3ja ára í senn, sem jafngildir jafnframt núverandi frestunarskilyrðum sem í gildi eru varðandi kaupauka í fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt starfskjarastefnu þurfa heimildir til útgáfu kaupréttanna og/eða áskriftarréttinda að rúmast innan heimilda starfskjarastefnu og gildandi laga til greiðslu kaupauka. Með greiðslu kaupréttanna og/eða áskriftarréttinda takmarkast heimildir skv. starfskjarastefnu til þess að greiða kaupauka með peningum.

(ii) Undirnefndir

Stjórn leggur til að grein 4.11 verði svohljóðandi:

„Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Skipun nefndarmanna skal fara fram í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna þeim hlutverkum sem undirnefndum stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.“

Greinargerð: Tillaga þessi er sett fram til að auðvelda félaginu að bregðast við breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum, reglugerðum eða almennum leiðbeiningum sem varða stjórnarhætti fyrirtækja. Í núgildandi samþykktum félagsins er kveðið á um að í undirnefndum stjórnar skuli að lágmarki sitja tveir stjórnarmenn. Um undirnefndir stjórnar og skipan þeirra gilda hins vegar mismunandi reglur, sem geta tekið breytingum, og er því lagt til að stjórn hafi svigrúm til þess að skipa undirnefndir sínar í samræmi við gildandi lög, reglur og leiðbeiningar hverju sinni.

F. Tillaga stjórnar um ráðstöfun úr sérstökum varasjóði félagsins (dagskrárliður 7)

Stjórn leggur til að samþykkt verði að færa 1.900.000.000 kr. úr sérstökum varasjóði undir óráðstafað eigið fé félagsins.

Greinargerð: Sérstakur varasjóður félagsins nemur nú 3.103.697.000 kr. en heildarhlutafé félagsins í árslok 2021 nam 4.790.139.000 kr. að nafnvirði. Samkvæmt 3. mgr. 100. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 er heimilt að nota þá upphæð varasjóðs sem er umfram einn fjórða hlutafjár til frjálsrar ráðstöfunar sé skilyrðum 53. gr. laganna gætt. Tillaga stjórnar felur í sér að sú upphæð sem er umfram einn fjórða hluta hlutafjár félagsins, þ.e. 1.900.000.000 kr., verði færð félaginu til frjálsrar ráðstöfunar sem óráðstafað eigið fé.

G. Tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins (dagskrárliður 9)

Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2022.

Greinargerð: Stjórn leggur til að núverandi endurskoðendur félagsins verði kjörnir til áframhaldandi starfa. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðunarfyrtæki félagsins frá aðalfundi félagsins árið 2016.

H. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar (dagskrárliður 10)

Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 485.000 á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að varaformaður stjórnar fái auk mánaðarlegrar stjórnarþóknunar greitt 40% af mánaðarlegri stjórnarþóknun til viðbótar. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.

Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri stjórnarþóknun á ári. Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformaður fái þar að auki 10% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði.

Greinargerð: Tillagan tekur mið af þóknun stjórnarmanna í sambærilegum félögum, af umfangi starfsins, ábyrgð og eðli þess, auk þess fórnarkostnaðar sem stjórnarmenn þurfa að bera til að geta rækt skyldur sínar við félagið t.d. eins og lýst er í 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stjórn samstæðunnar ber ekki eingöngu ábyrgð á starfsemi móðurfélagsins heldur einnig á rekstri samstæðunnar í samræmi við tilmæli EBA. Þóknun til stjórnarmanna þarf að taka mið af því.

Tillagan gengur skemur en almenn launþróun

Frá því þóknun til stjórnarmanna var síðast ákvörðuð hefur verðlag hækkað um 5,7% og launavísitala hefur hækkað um 7,3%.

Það er því ljóst að tillagan gengur skemur en ef þóknun myndi hækka í samræmi við meðalhækkanir launa á almennum markaði.

	<i>Stjórnarlaun Kviku uppfærð frá 2021</i>
m.v. verðlagsþróun	480.935
m.v. launavísitölu	488.215
Tillaga stjórnar	485.000

Tillagan er í takti við það sem gengur og gerist hjá sambærilegum félögum

Þóknun stjórnarmanna í Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka skv. tillögum til aðalfundar viðkomandi félaga eru á bilinu kr. 473.000 – 525.000 á mánuði, þóknun stjórnarformanns eru á bilinu kr. 824.000 – 1.050.000 á mánuði, þóknun varaformanns á bilinu kr. 588.000 – 787.500 á mánuði, þóknun nefndarmanna í undirnefndum á bilinu kr. 210.000 – 236.000 og þóknun formanns undirnefnda á bilinu kr. 289.000 – 315.000. Það eru sjö stjórnarmenn í þessum félögum en fimm í stjórn Kviku. Þóknun stjórnarmanna hjá Kviku skv. tillögu þessari verða því í takti við þóknun stjórnarmanna hjá sambærilegum félögum.

	Arion	Landsbankinn	Íslandsbanki	Kvika
Formaður stjórnar	1.050.000	824.000	824.000	970.000
Varaformaður stjórnar	787.500	588.000	588.000	679.000
Aðrir stjórnarmenn	525.000	473.000	473.000	485.000
Formaður undirnefndar	315.000	289.000	289.000	266.750
Aðrir nefndarmenn	210.000	236.000	236.000	218.250
Fjöldi stjórnarfunda 2021	12	19	20	24
Fjöldi funda í áhættunefnd	8	11	9	11
Fjöldi funda í endurskoðunarnefnd	5	8	6	14
Fjöldi funda í starfskjaranefnd	4	6	7	6

Greiðslur taki mið af umfangi

Verði störf mjög mikil að umfangi og stjórnarfundir fram að næsta aðalfundi félagsins fleiri en 15 þá verði stjórnarmönnum greitt sérstaklega fyrir það. Föst mánaðarleg þóknun endurspeglar þannig þá ábyrgð sem starfið felur í sér, tekur mið af eðli starfsins og þeim fórnarkostnaði sem stjórnarmenn þurfa að bera til að geta rækt skyldur sínar. Verði stjórnarfundir fleiri verður greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern fund sem endurspeglar þann tíma sem fer í undirbúning fyrir fund sem og fundartíma. Þetta er í samræmi við ákvörðun aðalfundar árið 2021.

Greiðslur taki mið af ábyrgð og eðli þess

Í samanburði við þóknanir innan annarra félaga á markaði er vert að hafa í huga að ríkari krafa er almennt gerð til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum og tryggingafélögum en hjá fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum. Líkt og að framan greinir ber stjórn Kviku ábyrgð á samstæðunni allri sem móðurfélag í fjármálasamsteypu. Ítarlegar kröfur eru gerðar í lögum um hæfi stjórnarmanna bankans sem og takmörkun á öðrum störfum á meðan stjórnarsetu stendur. Allir aðalmenn í stjórn Kviku hafa undirgengist og staðist ítarlegt hæfismat hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og lúta auk þess framangreindum takmörkunum.

Stjórn Kviku banka hf.